

REGLUR UM NIÐURGREIÐSLU VEGNA DVALAR BARNA HJÁ DAGFORELDNUM

1. gr.

Skilyrði fyrir niðurgreiðslu vegna dvalar barns hjá dagforeldri er að barn eigi lögheimili á Akranesi og foreldri hafi fasta búsetu á Akranesi og hafi gildan dvalarsamning við dagforeldri og Akraneskaupstað. Dagforeldri skal hafa leyfi til daggæslu frá sveitarfélaginu. Niðurgreiðslurnar eru greiddar ellefu mánuði á ári. Engar greiðslur eru í júlímánuði. Greitt er fyrirfram, fyrsta virka dag hvers mánaðar, í fyrsta skipti vegna barns foreldra í sambúð í byrjun tíunda lífmánaðar barns og vegna barns einstæðra foreldra í byrjun sjöunda lífmánaðar barns.

2. gr.

Gera skal þríhliða vistunarsamning staðfestan af foreldri, dagforeldri og umsjónarmanni Akraneskaupstaðar. Undirritaður dvalarsamningur af foreldri og dagforeldri þarf að hafa borist umsjónarmanni Akraneskaupstaðar eigi síðar en 20. dag fyrsta greiðslumánaðar.

3. gr.

Fullgildur dvalarsamningur gildir sem umsókn um niðurgreiðslu og fer niðurgreiðslan til dagforeldra samkvæmt gjaldskrá Akraneskaupstaðar, eru greiddar frá þeim tíma sem umsókn liggur fyrir og eru ekki greiddar aftur í tímann.

4. gr.

Þegar barn hefur verið lengur en mánuð hjá dagforeldri er gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi einn mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar. Uppsögn skal gerð á þar til gerðu eyðublaði. Sé um fyrirvaralaus uppsögn að ræða á samningnum af hálfu dagforeldris skal forráðamaður fá endurgreitt fyrir þann tíma sem er ónýttur. Einnig skal endurgreiða framlag Akraneskaupstaðar. Sé um fyrirvaralaus uppsögn af hálfu forráðamanns, skal greiða dvalargjald út uppsagnarfrestinn.

5. gr.

Þeir foreldrar sem kaupa vistun hjá dagforeldrum í 4 - 8 klukkustundir á dag fá niðurgreiðslu og getur greiðslan hæst orðið kr. 70.000 á mánuði fyrir 8 klst. daglega vistun. Foreldrar fjölbura sem kaupa vistun hjá dagforeldum í 4 - 8 klukkustundir á dag fá niðurgreiðslu kr. 78.000 fyrir eitt barn, vegna næsta barns tekur niðurgreiðslan mið af dvalar- og matargjaldi barns á leikskóla með systkinaafslætti fyrir 8 tíma vistun. Niðurgreiðslur fyrir annað fjölburabarn er kr. 130.000 og hlutfallslega sama á við þriðja fjölburabarnið. Við niðurgreiðslu til dagforeldra er tekið hlutfallslegt mið af dvalarstundum barnsins.

6. gr.

Niðurgreiðslur falla ekki niður vegna tilfallandi veikinda / vegna veikinda dagforeldris í allt að 10 daga á almanaksárinu.

7. gr.

Þeir foreldrar sem eru með gildan dvalarsamning við dagforeldri og Akraneskaupstað og kaupa vistun í 4 – 8 klukkustundir vegna barna sem náð hafa tveggja ára aldri, fá greiddar viðbótar niðurgreiðslur þar til leikskólalátt hefur verið tryggt. Viðbótarniðurgreiðslan getur

að hámarki orðið kr. 30.000 á mánuði fyrir 8 klukkustunda vistun. Greiðslur koma til framkvæmda í næsta mánuði eftir að barnið nær tveggja ára aldri.

8. gr.

Niðurgreiðslurnar til foreldra eru skattfrjálsar en framtalsskyldar.

9. gr.

Dagforeldrum er heimilt að taka leyfi frá daggæslunni einn dag á ári sem nýtist til endur- og símenntunar án þess að niðurgreiðslur skerðist.

10. gr.

Dagforeldri ber að tilkynna foreldrum og umsjónarmanni Akraneskaupstaðar um lokun umfram 9. gr. eigi síðar en 20. dags mánaðar áður en leyfi hefst þannig að til lækkunar á niðurgreiðslu komi í þeim mánuði er umframlokun á sér stað.

11. gr.

Dagforeldri ber að sjá um að skila umsjónarmanni Akraneskaupstaðar yfirliti yfir þau börn sem eru í dvöl hjá viðkomandi í mánuðinum fyrir 20. hvers mánaðar, jafnframt þarf að skila inn uppsögn á dvalarsamningi á þar til gerðu eyðublaði.

12. gr.

Ef dagforeldri fær ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum áskilur Akraneskaupstaður sér rétt til að lækka framlag til dagforeldris sem því nemur við næstu greiðslu eða krefjast endurgreiðslu.

13. gr.

Þegar dagforeldri innritar barn til dvalar vegna þess að annað barn hættir dvöl, vegna úthlutunar leikskólapláss hjá Akraneskaupstað, er greiddur styrkur til dagforeldris að upphæð kr. 30.000 til þess að mæta þeirri aðlögun sem hvert barn þarfnast í upphafi dvalar á starfstíma utan haustinntöku.

14. gr.

Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessara reglna er hægt að vísa málinu til úrskurðar skóla- og frístundaráðs Akraness.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði 2. mars 2021.

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness 23. mars 2021.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri